

Nefndasvið Alþingis,  
Atvinnuveganefnd  
Alþingi v/Austurvöll

Garðabær, 30. maí 2017  
2017050031/42-1-0  
TB  
tv

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts og umsagnar Hafrannsóknastofnunar til atvinnuveganefndar Alþingis frá 30. maí 2017. Í umsögn stofnunarinnar segir: **„Náttúrufræðistofnun Ísland hefur ekki stundað rannsóknir í sjó og að skrifa hana inn í þessi lög er eingöngu til að flækja málin og dreifa kröftunum. Það er illa farið með fjármuni. Hafrannsóknarstofnun leggst alfarið á mót í því að það verði gert.“** Þessi orð eru notuð til að rökstyðja að Hafrannsóknastofnun leggst gegn því að Náttúrufræðistofnun hafi hlutverk við rannsóknir í Breiðafirði vegna nýtingu sjávargróðurs. Hér er, vægt til orða tekið, farið með alrangt mál að því leiti að Náttúrufræðistofnun hefur bæði stundað rannsóknir í sjó þ.e. t.d. BIOICE verkefnið, hófst 1992, rannsóknir á botndýralífi á Íslandsmiðum, en verkefnið var unnið í samvinnu við Hafrannsóknastofnun. Auk þess hefur stofnunin nýlokið við kortlagningu fjöru Íslands í vistgerðir, en fjara Íslands hefur ekki áður verið kortlögð í heild sinni, og var verkefnið m.a. notað í skýrslunni Klóþang í Breiðafirði í samvinnu við Hafrannsóknastofnun. Ennfremur hefur Náttúrufræðistofnun stundað rannsóknir á sjófuglum um áratuga skeið í Breiðafirði og annarsstaðar sem ekki verður rakið hér auk fjölda rannsókna sem með einum eða öðrum hætti tengjast sjó.

Rétt er að minna atvinnuveganefnd á að lög um náttúruvernd gilda á íslensku landi og í landhelgi og efnahagslögsögu og lög um Náttúrufræðistofnun gilda um náttúru Íslands í heild sinni. Náttúra hafs og fjöru er ekki einkamál tiltekinnar stofnunar þó stofnanir hafa mismunandi hlutverk. Það væri óvenju mikil þröngsýni að horfa á náttúruna á þann hátt sérstaklega þegar um er að ræða vistfræðilega þætti enda sjást þess merki víða í löggjöf landsins að leitað er álit og ráðgjafar hjá mismunandi hagsmunaaðilum.

Náttúrufræðistofnun hefur enga löngun til að blanda sér í rannsóknir sem Hafrannsóknastofnun hefur þegar hafið, en stofnunin hefur þó nú þegar tekið þátt í hluta þeirra, en þar með er ekki sagt að þær megi ekki bæta.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson

forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar